

Ársskýrsla

Bókasafns Dalvíkurbyggðar

2015



Dalvík 2016

Inngangur

Bókasafn Dalvíkurbyggðar er rekið af Dalvíkurbyggð samkvæmt lögum um bókasöfn 2012. Markmið safnsins er að vera íbúum sveitarfélagsins og gestum þess miðstöð upplýsinga, menntunar og afþreyingar. Safninu er stjórnað af menningarráði sem í eiga sæti Valdemar Viðarsson formaður, Heiða Hilmarsdóttir og Kristján E. Hjartarson. Menningar- og fræðslufulltrúi er Hildur Ösp Gylfadóttir

Bókasafnið er í menningarhúsinu Bergi v/Goðabraut og deilir þar rými með kaffihúsi sem menningarfélagið Berg leigir út til einkaaðila. Árið 2015 var það rekið af Júlíusi Júlíussyni og Grétu Arngrímsdóttur undir nafninu Þula-café –bistró. Yfir sumartímann er einnig rekin upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í rými bókasafnsins.

Húsnæði og húsbúnaður

Húsnæði bókasafnsins í Bergi skiptist í útlánasal og afgreiðslu á jarðhæð, skrifstofa og kaffistofa starfsfólks á efri hæð, geymslur í kjallaragangi og herbergjum inn af skjalasafni. Hluti safnkosts bókasafnsins er ennfremur varðveittur á skjalasafninu þ.e. ættfræði og byggðasagan. Á efri hæð Bergs er skrifstofa sem er sameiginleg fyrir framkvæmdastjóra Bergs og forstöðumann bóka- og skjalasafns. Þar er auk þess sameiginleg kaffistofa, fundarherbergi og salerni. Litlar breytingar urðu á húsnæðismálum, sýningarskápur sem áður var staðsettur í anddyri Bergs var fluttur inn í útlánasalinn.

Starfsmannamál

Engar breytingar urðu á starfshlutfalli starfsmanna safnsins. Laufey Eiríksdóttir forstöðumaður var í 50% starfshlutfall og var einnig í 50% starfi á skjalasafninu. Rósa Þorgilsdóttir skipti sér einnig á milli skjala- og bókasafns og var í 25% starfi á hvoru safni. Jolanta Piotrovska var í 50% starfi. Samtals voru fastráðnir starfsmenn 3 í samtals 1,25 % starfi.

Lisa Kaplon var ráðin sem sumarafleysingastarfsmaður í 100% starf í 2 og ½ mánuð frá 1. júní - 15. ágúst. Í samstarfi við Upplýsingamiðstöð Dalvíkurbyggðar kom starfsmaður hennar Valgerður Stefánsdóttir að afleysingum og vöktum á bókasafninu þann tíma sem upplýsingamiðstöðin var opin. Valgerður hætti störfum um mitt sumar og við starfi hennar tók Sunna Valsdóttir. Ingibjörg Hjartardóttir sinnti afleysingum þess utan, sérstaklega á haustönn. Hún vann einnig að því að greinisskrá tímaritið Norðurslóð og var um áramótin búið að skrá fyrstu 20 árin.

Starfsemin á árinu

Opnunartími safnsins er frá kl. 10 - 17 alla virka daga og frá 13 – 16 á laugardögum. Laugardagsopnunin er að festa sig í sessi og sífellt fleiri heimsækja safnið á laugardögum.

Heimsóknir leikskólabarna frá Kátakoti og Krílakoti eru fastir liðir í morgunstarfi safnsins. Mánudags- og þriðjudagsmorgnar eru helgaðir sögustundum og heimsóknum leikskólabarna. Heimsóknirnar voru eins og sést í töflu hér fyrir neðan.

Krílakot	Kátakot yngri hópur	Kátakot eldri hópur
26 heimsóknir	21 heimsóknir	22



Leikskólanemendur hafa því sótt bókasafnið heim alls 69 sinnum á árinu og er almenn ánægja með þetta samstarf leikskólans og bókasafnsins. Hlé er tekið á þessum heimsóknum yfir sumarið þar sem starfsmenn eru þá uppteknir við móttöku ferðamanna á upplýsingamiðstöð.

Dalvíkurskóli hefur haft þann valkost að senda nemendur á fimmtudagsmorgnum. Skólinn nýtti vel sína tíma á vorönn og alls voru 5 hópar úr 5., 6., 9., og 10. bekk sem heimsóttu safnið og fengu þjálfun í upplýsingaleit. Á haustönn komu engir nemendur í skipulögðum hópum.



Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Hádegisfyrirlestrar sem haldnir eru einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina hafa sannað gildi sitt og tilverurétt. Þeir eru ætíð á fimmtudögum en ekki tókst að hafa þá á reglulegum tíma. Hér má sjá lista yfir þá.

5. febrúar – Inga Birna Kristjánsdóttir **Kynleiðrétting – hvað, hvernig og hvers vegna.**
Inga Birna sem er íbúi í Dalvíkurbyggð segir frá eigin kynleiðréttingu.



19. mars - Elín Rósa Ragnarsdóttir – **Ferð til Ástralíu** og Gunnþór Sveinbjörnsson – **Ferð til Afríku.** Myndasýningar



Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

30. apríl – Svanhildur Árnadóttir, Ingibjörg Björnsdóttir og Sigurlaug Gunnarsdóttir segja frá ömmum sínum í fyrirlestri tengdri sýningu myndahóps skjalasafnsins. – **Myndir af ömmu.**



17. september - **Vetrarstarf félaga og stofnana í Dalvíkurbyggð.** Öllum frjálst að koma og kynna fyrirhugaða starfsemi sína. Kynnt var starfsemi Símey, Listasmiðju Dalbæjar, Björgunarsveitin, Slysavarnarfélag, Salka-kvennakór, Samkór Svarfdæla, Listasmiðjan á Húsabakka, Félagsstarf á Dalbæ, Leikfélag Dalvíkur og starfið á bóka- og skjalasafninu.

12. nóvember – Sigurgeir Guðjónsson - **Um förumenn á Íslandi seinni hluta 19. aldar og fram á fyrstu ár 20. aldar.**

10. des. – Jón Halldórsson segir frá og kynnir myndasýningu ljósmyndahóps skjalasafnsins. **Samgöngur í Dalvíkurbyggð.**

Bókmenntakynningar – 11. júlí tók bókasafnið á móti fjórum ljóðskáldum á ferð um Norðurland. Þetta voru félagar úr ritlistarhópi Kópavogs. Eyþór Rafn Gissurarson, Hjörtur Pálsson, Hrafn Andrés Harðarson og Sigríður Helga Sverrisdóttir.




Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Dagbjört Ásgeirsdóttir las upp úr nýrri barnabók sinni í útgáfuteiti 5. nóv. Nýja bókin heitir Gummi og huldufólkið.



Kynntar voru nýjar bækur á bókavöku 6. des. Þar komu fram rithöfundarnir Arnar Már Arngrímsson, með bókina *Sölvasaga unglings*, Ingibjörg Hjartardóttir og *Fjallkonan* og Urður Snædal með *Píslirnar hennar mömmu*. Einnig kom fram Þuríður Sigurðardóttir og las úr ljóðabók móður sinnar Jónbjargar Eyjólfsdóttur.



Prjónakaffi – á tímabilinu jan- apríl/ sept – des. auglýsti bókasafnið í samvinnu við Þulu-caffé prjónakaffi einu sinni í mánuði. Nokkrar konur mættu og stundum voru ein eða fleiri að segja hinum til um prjónaskap og sérstakar aðferðir.



Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

19. júní - 100 ára kosningaréttur kvenna – Í samvinnu við Byggðasafnið Hvol og Svanfríði Jónasdóttur var bókasafnið þátttakandi í dagskrá hátíðarfundar í Bergi 19. júní. Bókasafnið fékk kr. 200.000 í styrk frá afmælisnefnd Alþingis til verkefnisins í heild.

Sögustundir fyrir börn – voru aðeins á pólsku þetta árið og voru þær vel sóttar. Um þær sáu til skiptis mæðgurnar Jolanta og Kamila Piotrowska og í október komu tvær stúlkur úr 10. bekk Dalvíkurskóla þær Martyna og Viktoria og lásu fyrir börnin. Sögustundir á pólsku voru einu sinni í mánuði á fimmtudögum kl. 16:15, þó ekki frá maí – ágúst.




Pólsk kvikmyndahátíð – 24. október var öllum Pólverjum í Dalvíkurbyggð boðið að horfa á nýja pólska verðlaunakvikmynd. „Bogowie“ í Bergi. Hver og einn mátti bjóða með sér Íslendingi og var markmiðið að þetta yrði sameiginleg stund. Reyndin varð sú að um 50 Pólverjar mættu í bíó en sárafáir Íslendingar. Tilraunin tókst því að hluta og voru allir sem mættu mjög ánægðir. Rætt var um að endurtaka þetta að ári.



Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Besta barnabókin 2014. Í góðu samstarfi við skólana í Dalvíkurbyggð völdu 105 börn á aldrinum 6 – 12 ára bestu barnabókina frá árinu 2014



Af íslensku bókunum fengu eftirtaldar flest atkvæðin:

1. Gula spjaldið í Gautaborg – eftir Gunnar Helgason
2. Þín eigin þjóðsaga - eftir Ævar Þór Benediktsson
3. Skugginn í kjallaranum – eftir Helga Jónsson

Af þýddum bókum voru efstar:

1. Dagbók Kidda klaufa, kaldur vetur – eftir Jeff Kinney
2. Skrifað í stjörnurnar – eftir John Green
3. Eleanor og Park – eftir rainbow Rowell

Elsa Dögg Jakobsdóttir var dregin úr hópi þátttakanda og hlaut verðlaun fyrir að taka þátt í kosningunni.

Sumarlestur skólabarna. Sumarlesturinn var með talsvert öðru sniði en áður. Verkefnið bar heitið „Yndislestur í ágúst“. Þau börn sem tóku þátt lásu öll sömu bókina, lásu upphátt fyrir fullorðinn einstakling sem aðstoðuðu við verkefnið, lásu rafbók í tölvunni og unnu verkefni. Alls tóku 5 börn þátt í yndislestrinum sem stóð í eina viku.



Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Sýningaskápur. Fjölbreyttar sýningar voru í sýningarskápnnum sem er staðsettur í útlánasalnum. Jolanta starfsmaður bókasafnsins á allan heiður af uppsetningum sýninga í skápnnum.

Janúar – apríl – Sýning um kosningarétt kvenna. Þ.á.m. ljósmynd af fyrstu konunni sem kaus til Alþingis í Dalvíkurbyggð árið 1916.

Apríl – ágúst. Fuglar – ljóð eftir Davíð Stefánsson um fugla. Fuglar í margs konar útgáfum sem íbúar hafa lánað í skápinn.

Sept – nóv. Sýning um lestur, lestrarbækur og lestraraðferðir.

Des – Englar í ýmsum myndum og formum. Fengnir að láni hjá íbúum Dalvíkurbyggðar.



Safnkostur, aðföng og útlán

Í árslok 2015 var safnkosturinn kominn yfir 30.000 eintök. Það sýnir að ekki hefur gengið nógu vel að grisja á móti aðföngum. Hreyfingin á safnkostinum er þó miklu meiri en tölur sýna því mikið var endurnýjað af eldra efni. Þá eru eintök tengd með gömlu strikamerki og talningin kemur ekki fram. Gjafabækur á árinu voru samtals 154 og þar af var endurnýjun um það bil helmingu eintaka. Velunnarar safnsins eru fjölmargir en að þessu sinni komu mjög verðmætar bækur úr dánarbúi Vilhjálmssonar og er erfingjum hans hér með þakkað fyrir höfðinglega gjöf, alls 40 bækur. Ryszard Kulesza hefur einnig verið safninu betri en enginn þegar kemur að pólskum skáldsögum, sérstaklega þýðingar úr íslensku. Talsvert var keypt af nýjum pólskum bókum og er pólskur safnkostur orðinn eitt af stolti safnsins.



Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Efnistegund	2014 - aðföng	2015 – aðföng	2015 - grísjun
Bók	918	409	29
Hljóðbók	59	31	0
Innbundin tímarit	17	8	0
Tímaritshefti	405	222	20
Mynddiskar	38	14	8
Samtals	1437	677	57

Efnistegund	Eintakafjöldi 2014	Eintakafjöldi 2015
Bækur	25.101	25.491
Hljóðrit (Snældur, CD, MP3)	298	329
Myndrit (Myndbönd, DVD)	271	293
Tímarit	3494	3971
Annað	11	12
Samtals	29.276	30.096

Virkir lánþegar í árslok voru 768 og hafði fjölgað um 200 einstaklinga frá árslokum 2014. Þrátt fyrir fjölgun lánþega fækkar útlánunum. Það er í samræmi við það sem almennt er að gerast á almenningsbókasöfnum. Það má þó ekki líta á að notkun safnsins hafi minnkað því ekki er greinanleg fækkun á gestum sem líta við til að lesa tímarit, nota tölvu, fá aðgang að þráðlausu neti og kíkja í bækur.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda lánþega og fjölda útlána og þróunina frá 2011

	2012	2013	2014	2015
Lánþegar	440	491	586	768
Útlán	13.881	15.990	18.267	17.178

Bækur eru ennþá langvinsælasta útlánaefni safnsins en tímaritin sækja sífellt á. Einnig var talsverð aukning í útlánunum DVD-diska. Eldri diskar eru ekki lengur leigðir, og vakin var athygli á útlánunum á fræðsluefni ýmis konar. Hljóðbækur eru það form sem sárlega vantar meira af og útgefendur draga lappirnar. Það er mikil þörf fyrir slíkt efni og framboðið annar engan veginn eftirspurn.

Hér má sjá töflur yfir útlánin 2013 - 2015

	Bækur	Hljóðbækur	Tímarit	Myndefni	Annað
2013	12.608	440	2.532	418	5
2014	14.141	569	2.945	599	13
2015	13.219	439	3.023	489	8

Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Það er áhyggjuefni að bóklestur barna og unglinga fer minnkandi. Þess vegna er forvitnilegt að bera saman hverjir það eru sem fá lánað safnefni. Hér má líta töflu þar sem tekið er saman útlán pr. lánþegategundir árin 2012 – 2015.

	Fullorðnir	Börn	Unglingar	Stofnanir	Sérútlán	Samtals
2012	12.206	990	63	604	18	13.881
2013	12.326	1.074	418	2.158	13	15.990
2014	13.523	1.427	561	2.302	453	18.266
2015	12.901	1.226	655	2.064	332	17.178

Á þessu yfirliti má sjá að útlán til unglinga eykst talsvert og má sjálfsagt rekja það til þess að hópar úr Dalvíkurskóla komu reglulega í skólaheimsóknir og í framhaldi af því sáu þau tilgang í því að fá lánað efni.

Upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn

Eins og sumarið 2014 var Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn staðsett í húsnæði bókasafnsins í Bergi. Í samstarfi við Upplýsingamiðstöð ferðamála sáu starfsmenn bókasafnsins í júní - ágúst um að taka á móti ferðamönnum á tímanum frá kl. 8 – 13 eða þar til starfsmaður miðstöðvarinnar mætti til vinnu. Á sama hátt sá starfsmaður upplýsingamiðstövar um afgreiðslu á bókasafninu á laugardögum. Þetta voru mjög góð vinnuskipti og til hagsbóta fyrir báða aðila. Starfsmaðurinn Valgerður Stefánsdóttir var frá 15. maí til 15. júlí en þá tók við Sunna Valsdóttir og var fram til 15. september. Óánægja var meðal starfsmann bókasafnsins vegna þess að þegar starfsmaður upplýsingamiðstövarinnar mætti kl. 13 var yfirleitt mjög rólegur tími og óþarfi að tveir starfsmenn væru á vakt. Meiri þörf hefði verið á aukastarfsmanni fyrir að deginum.



Rekstraryfirlit árið 2014

Tekjur	- 466.758
Laun og launatengd gjöld	10.478.923
Vörukaup	3.271.157
<u>Þjónustukaup</u>	<u>11.505.917</u>
Samtals	24.789.239

Dalvík 17. mars 2016

Laufey Eiríksdóttir forstöðumaður